



## Reglur Norðurþings um afslátt á fasteignaskatti

### 1. gr.

Tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Norðurþingi er veittur afsláttur af fasteignaskatti, samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar Norðurþings ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild reglugerðar nr. 1160 frá 23. desember 2005.

### 2. gr.

Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur í Norðurþingi sem búa í eigin íbúð og náð hafa 67 ára aldri eða verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir upphaf álagningarárs.

### 3. gr.

Hjón og samskattað sambýlissólk fær afslátt þó einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði skv. 2.gr.

### 4. gr.

Niðurfelling á fasteignaskatti er tekjutengdur og getur mest orðið 100 af hundraði (100%). Miðað er við allar skattskyldar tekjur, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekjur síðastliðins árs, samkvæmt nýjasta skattframtali. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlissólks.

### 5. gr.

Tekjumörk eru sem hér segir:

#### 1. Einstaklingar og örorkulífeyrisþegar:

- Skattskyldar tekjur allt að krónur 3.817.575.- veita 100% afslátt.
- Skattskyldar tekjur frá 3.817.525.- til 4.558.347.- króna veita 50% afslátt.
- Skattskyldar tekjur frá 4.558.347. til 5.929.425.- króna veita 25% afslátt.
- Skattskyldar tekjur yfir 5.929.425.- veita engan afslátt.

#### 2. Örorkulífeyrisþegar, hjón og samskattað sambýlissólk:

- Skattskyldar tekjur allt að 7.263.681.- krónur veita 100% afslátt.
- Skattskyldar tekjur frá 7.263.681.- til 8.004.453.- króna veita 50% afslátt.
- c Skattskyldar tekjur frá 7.004.453.- til 8.893.596.- króna veita 25% afslátt.
- Skattskyldar tekjur yfir 8.893.596.- króna veita engan afslátt.

### 6. gr.

Við fráfall maka eða sambýlings skal fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði sem fjölskylda hins látna/hinnar látnu á og býr í felldur niður að fullu fyrsta árið eftir fráfallið og að hálfu annað árið.

## 7. gr.

Búi einstaklingur (eða hjón) inni á heimili ellilífeyrisþega sem ekki er maki hans og fellur (falla) ekki undir reglur þessar kemur ekki til niðurfellingar fasteignaskatts.

## 8. Grein

Tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar þurfa ekki að sækja sérstaklega um lækkun fasteignaskatts. Við álagningu fasteignagjalda í janúar verður afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega til bráðbirgða miðaður við tekjur ársins 2021 en endanlega ákvarðaður þegar álagning vegna tekna ársins 2022 liggur fyrir. Breytingar sem verða á álagningu við endanlega ákvörðun afsláttar verða tilkynntar bréflaga.

Umsóknir um niðurfellingu/lækkun fasteignaskatts vegna fráfalls maka eða sambýlings skal senda inn í gegnum vefsíðu Norðurþings

**Samþykkt í sveitarstjórn Norðurþings 19. janúar 2023**

